

Tillaga til breytinga á lögum SSR.

Lögð fram á aðalfundi 22. mars 2018.

Vísað er í lög SSR, lið 3.1.D.

Greinin hljóðar nú svo:

„Stjórn SSR skal skipa annan endurskoðanda félagsins“.

Lagt er til að greinin breytist í:

„Stjórn SSR skal skipa annan skoðunarmann félagsins“.

Greinargerð:

Gildandi orðalag hefur oftlega valdið misskilningi, þ.e. að álitid sé að hér sé átt við „lögiltan endurskoðanda“ sem er lögverndað starfsheiti.

Orðið „skoðunarmaður“ sé því heppilegra í þessu samhengi enda orðið notað annarsstaðar í lögum SSR og er tilgangurinn með breytingunni sá, að koma í veg fyrir misskilning eins og að framan greinir.

Flutningsmenn:

Stjórn SSR

Til Laganefndar SSR.

Tillaga að breytingu á lögum SSR

Núverandi grein 2.7:

“Stjórn SSR skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Tveir meðstjórnendur skulu kjörnir eitt árið en einn meðstjórnandi hitt árið. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.”

Tillaga að breytingu:

“Stjórn SSR skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Tveir meðstjórnendur skulu kjörnir eitt árið en einn meðstjórnandi hitt árið. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.

Stjórnarmeðlimir SSR skulu ekki sitja í stjórnnum skátafélaga í Reykjavík.”

Rökstuðningur:

Til að forðast hagsmunaárekstra er mikilvægt að dreifa valdinu. Í núgildandi lögum eru engar kvaðir á því hverjir geta setið í stjórn SSR. Fyrir vikið er mögulegt að vera í stjórn eins (eða fleiri) skátafélaga í Reykjavík og vera einnig í stjórn SSR. Þá er hægt að sitja beggja vegna borðsins ef upp koma deilumál. Til að forðast slíkt er mælt með því að bæta inn þessari setningu í grein 2.7.

Flutningsmaður: Þórhallur Helgason, Segli

Núverandi grein 3.1B:

“Í félaginu skal starfa minnst þriggja manna stjórn. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, ritari og gjaldkeri.”

Tillaga að breytingu:

“Í félaginu skal starfa minnst þriggja manna stjórn. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, ritari og gjaldkeri. *Enginn stjórnarmeðlimur má gegna fleiri en einu þessara embætta.*”

Rökstuðningur:

Í stjórnnum félaga er mikilvægt að valdi sé dreift og það sitji ekki á höndum eins aðila.

Flutningsmaður: Þórhallur Helgason, Segli